

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu í Sveitarfélaginu Vogum.

1. gr.

Árlegt vatnsgjald.

Íbúðir, 0,1% af fasteignamati.

Atvinnuhúsnæði, 0,19% af fasteignamati.

Atvinnuhúsnæði, 15,50 kr. á tonn samkvæmt mæli.

2. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatta og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í fasteigninni.

4. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal vera ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987 um vísitölu byggingarkostnaðar með síðari breytingum.

32 mm heimæð	70%
40 mm heimæð	100%
50 mm heimæð	150%
63 mm heimæð	300%
75 mm heimæð	450%
90 mm heimæð	550%

Semja skal sérstaklega um stofngjald vatnsveitu á stöðum fjarri dreifilögnum vatnsveitu eða þar sem lengd heimæðar er yfir 50 m.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, staðfestist hér með samkvæmt 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu í Sveitarfélaginu Vogum nr. 77/2020.

Samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 15. desember 2021.

F.h. Sveitarfélagsins Voga, 29. apríl 2022,

Daníel Arason forstöðumaður stjórnarsýslu.